

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna og lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi rökstuðningur:

„Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja fékk heimild Alþingis til þess að starfa áfram sjálfstætt, þegar lög um váttryggingarfélag fyrir vélbáta voru sett. Undanþága Bátaábyrgðarfélagsins var tímabundin, en hefur nokkur undanfarin ár verið framlengd til tveggja ára í senn og á síðasta þingi til eins árs. Núverandi undanþága félaginu til handa er í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61 31 maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, sbr. lög nr. 25 1. apríl 1948, um breyting á þeim l., og gildir til ársloka 1949. Það er mjög áriðandi fyrir útgerðarmenn vélbáta í Vestmannaeyjum, að félagið njóti áfram þeirrar aðstöðu, er það hingað til hefur haft. Hér er því lagt til, að undanþága þessi haldist, en verði ótímabundin, þar sem það er nauðsynlegt, til þess að félagið hafi öruggan starfsgrundvöll að byggja á. Reynslan hefur sýnt, að félagið á fullan rétt á því að öðlast slíkt starfsöryggi.“

Frv. var afgr. í hv. Ed. með svo hljóðandi dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að samkomulag náist fyrir samkomudag næsta Alþingis um eðlilegt samstarf á milli Samábyrgðar Íslands og Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja um tryggingu bátaflotans í Vestmannaeyjum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í bréfi frá stjórn Bátaábyrgðarfélagsins til þm. kjördæmisins, dags. 6. okt., segir svo m. a.:

„Svo sem yður er kunnugt, þá vísaði síðasta Alþingi málinu frá á þeim grundvelli, að stjórn Samábyrgðarinnar og stjórn vor hefðu ekki rætt mál þetta nægilega.

Í sept. s. l. fór stjórn vor til Reykjavíkur, og sat fund með stjórn Samábyrgðarinnar, en því miður báru þær umræður ekki verulegan árangur, því að eftir fundinn var stjórn vorri afhent bréf, dags. 5. sept. 1949, og segir þar orðrétt:

„Stjórnin heldur sér við fyrri afstöðu sína í þessu máli, sjá fundargerð, dags. 11. febr. 1948, og samþ. að leggja til við Alþingi, að með lögum verði samábyrgðinni heimilað að veita Bátaábyrgðarfélaginu til 2—3 ára í senn sams konar undanþágu og það hefur áður fengið.“

Stjórn Bátaábyrgðarfélagsins er óánægð með þetta svar. Það er Alþingi, en ekki Samábyrgðin, sem hingað til hefur veitt þá undanþágu, er um ræðir, um takmarkaðan tíma að visu, en ekki er hægt að sjá, að neinum sé bagi að því, að full undanþágu yrði veitt á þennan hátt.

Samábyrgðin hefur engan óhag af því, þótt félag Vestmannaeyinga starfi sjálfstætt eins og það hefur gert í um 80 ár. Það er eftir sem áður góður viðskiptavinur Samábyrgðarinnar, því að það endurtryggir hjá henni að sjálfsögðu.

Samábyrgðin mun eiga fullt í fangi með þau önnur bátatryggingafélög, sem starfa eftir lögnum um váttryggingarfélag fyrir fiskibáta, og ætti hún að fagna því, að þetta eina félag a. m. k. vill eftir sem áður reyna að standa á eigin fótum.

Undanþága sú, sem nú er í gildi fyrir Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, rennur út um næstu áramót, og er því aðkallandi að samþ. þetta frv. nú, og fyrir því er það borið hér fram skv. áskorun félagsins.